

Fundargerð sameiginlegs svæðisráðsfundar Eddu og Þórsvæðis haldinn 26.mars 2011 í húsi Geysis í Mosfellsbæ

Svæðisstjóri Eddu svæðis Jón Jakob Jóhannesson setti fund kl. 10:10 og var hann fundarstjóri.

Svæðisráðsritari Eddusvæðis Baldur Árnason kynnti mætingar og bað viðstadda að kynna sig. Mættir voru 38 Kiwanisfélagar, 7 frá Jörfa, 6 frá Kötlu, 5 úr Höfða og 2 frá Þyrli, 1 frá Básam, 5 frá Elliða, 2 frá Esju, 3 frá Geysi og 3 frá Heklu. Engin var mættur frá Jöklum og engin frá færeysku klúbbunum. Auk þess var Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri mættur, Ragnar Örn Pétursson kjörumdæmisstjóri og Hjördís Harðardóttir umdæmisritari. Þá var Gylfi Ingvarsson formaður K-dags nefndar mættur.

Svæðisráðsritari Eddu Baldur Árnason las fundargerð síðasta fundar Eddusvæðis, sem var 13.nóvember 2010 í Kiwanishúsinu. Var hún samþykkt með leiðréttingum.

Þá flutti svæðisstjóri Eddu skýrslu sína og síðan voru fluttar skýrslur klúbba Eddusvæðis: Hlynur Árnason féhirðir Höfða, Valur Helgason forseti Jörfa, Gísli Skarphéðinsson forseti Kötlu og Stefán L Pálsson forseti Þyrils. Engin var mættur frá Jöklum og því engin skýrsla frá þeim.

Gylfi Ingvarsson fékk að koma hér inn í dagskrána og sagði frá K-lykla verkefninu. Sparisjóður Siglufjarðar hefði tekið yfir fjármögnunina af Sparisjóði Keflavíkur. Komnir væri styrktaraðilar: Aktavis með 1,5 millj. Byko með 1,5 millj. og þeir ætla jafnframt að skera lyklana frítt fyrir fólk. Sparisjóður Keflavíkur 1,5 millj. Vís og Alcoa með 100 þús. hvor og fleiri væru í farvatninu. Lyklarnir eru komnir og kosta 5,2 millj. Verið væri að ræða við yfirvöld um eftirgjöf gjalda. Færeyingar hafa pantað 5.000 lykla en eitthvað virðist erfitt með samskipti við frændur vora.

Ingólfur Friðgeirsson svæðisstjóri Þórsvæðis var ekki með fundargerð síðasta fundar þeirra, en lofaði að lesa hana á næsta fundi Þórsvæðisins. Hann flutti svo skýrslu svæðisstjóra Þórsvæðis og síðan voru fluttar skýrslur klúbba Þórs svæðis: Gunnlaugur Gunnlaugsson ritari Bása, Örn Smári ritari Elliða, Sigurður Steinarsson kjörforseti Esju, Björn Ingi Rafnsson forsetu Geysis og Guðmundur Oddgeir kjörforseti Heklu. Engir voru frá Færeyjum og því engar skýrslur frá þeim. Engar umræður urðu um skýrslurnar.

Snjólfur Fanndal kjörsvæðisstjóri nýja svæðisins mælti fyrir tillögu un að nafn sameinaða svæðisins yrði Freyjusvæði.

Þorlákur Jóhannsson Kötlu lagði fram aðra tillögu um að nafnið yrði Þórsvæði.

Nokkrar umræður urðu um tillögurnar og sýndist sitt hverjum.

Samþykkt var að atkvæðisrétt hefðu forsetar og ritarar klúbba, eða varamenn þeirra án skriflegs umboðs.

Tillaga um nafnið Þórsvæði var felld, 7 voru með en 10 á móti.

Tillaga um nafnið Freyjusvæði var samþykkt með 12 atkvæðum og 2 voru á móti.

Þá var gert matarhlé og borin fram kjötsúpa.

Ingólfur Friðgeirsson svæðisstjóri Þórs svæðis gerði grein fyrir fyrirkomulagi á svæðinu. Á fyrsta starfsári svæðisins skal þó að höfðu samráði við umdæmisstjóra og með samþykki hans, skipað þannig í svæðisstjórn að kjörsvæðisstjóri Eddusvæðis Snjólfur Fanndal taki við embætti sem svæðisstjóri hins nýja svæðis og kjörsvæðisstjóri Þórsvæðis Hörður Mar taki við sem kjörsvæðisstjóri hins nýja svæðis. Þá verði fráfarandi svæðisstjórar bæði Eddusvæðis og Þórsvæðis í stjórn hins nýja svæðis, sem og ritari skipaður af hinum nýja svæðisstjóra og tveir meðstjórnendur. Á fyrsta starfsári nýs svæðis verða því 7 menn í stjórn svæðisins en 5 uppfra því. Var þetta samþykkt.

Snjólfur Fanndal kjörsvæðisstjóri Freyjusvæðis sagði að umdæmið hefði lofað að gefa svæðinu forsetakeðju og taka þátt í kostnaði við gerð nýrra barmmerkja. Þá gerði hann grein fyrir hverjir skipa stjórn svæðisins fyrsta starfsárið. Svæðisstjóri Snjólfur Fanndal, kjörsvæðisstjóri Hörður Mar, ritari Ólafur S Sveinsson, Jón Jakob Jóhannesson fráfarandi svæðisstjóri Eddusvæðis og Ingólfur Friðgeirsson fráfarandi svæðisstjóri Þórsvæðis. Meðstjórnendur verða Hlynur Árnason úr Höfða og Gunnlaugur Gunnlaugsson úr Básum.

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri óskaði svæðinu til hamingju með nafnið og þakkaði þeim sem unnið höfðu að sameiningarverkefninu. Hann var með kveðju frá Höfn, þar sem hann sagði allt klárt til að hafa umdæmisþing í haust. Hann þakkaði þeim klúbbum sem ákveðið hafa að vera með í heimsverkefninu og hvatti aðra til að vera með. Þá bað hann menn að skoða hvort ekki væru einhverjir sem vildu bjóða sig fram til kjörumdæmisstjóra með Hjördísi. Vel líti út um fjölgun, 6 nýjir félagar í Ölver, nýr kvennaklúbbur frá Sólborg, afleggjari frá Helgafelli og svo kæmi væntanlega svar í apríl um stöðu Sinawik.

Guðmundur Oddgeir sagði frá hremmingum hjálmanefndar og baráttu við reglugerðafarganið.

Haraldur Finnsson sagði frá samstarfi Reykjavíkurklúbba vegna K-dags og varpaði fram spurningum um hvort 300 króna sölubóknun væri nógu há eða þyrfti að hækka hana.

Björn Ingi forseti Geysis þakkaði gestum komuna í hús þeirra í Mosfellsbæ, og síðan sleit svæðisstjóri fundi kl. 13:05

Ritari: Baldur Árnason

Svæðisstjóri: Jón Jakob Jóhannesson